

EFTIRLITSSKÝRSLA

Veiðifélag Kjósarhrepps Brynjudal



Dags eftirlits	14.5.2024	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Veiðifélag Kjósarhrepps	Eftirlitsmaður	Auður Eyberg Helgadóttir
Heimili	Káraneskot	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	680269-3789	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Óðinn Elísson	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis	Sigurður og Björn	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Þrjú frávik frá kröfum í starfsleyfi fundust í eftirlit. Mælingar, neyðaráætlun og ársyfirlit hafa ekki skilað sér til stofnunarinnar.

Tvær ábendingar voru gerðar og snúa þær að því að skila inn þjálfunarskýrslu starfsmann og að meta þörf á að dýpka settjörn ef losun næringarefna er yfir starfsleyfimörkum.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði í 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit var farið í reglubundið eftirlit í fiskeldi (klak og seiðaeildi) Veiðifélags Kjósarhrepps, kt. 680269-3789, í Brynjudal í Hvalfirði.

Starfsleyfi rekstraraðila gildir til 8. desember 2038. Leyfið tekur til landeldis á laxfiskum og hámark lífmassa á hverjum tíma má ekki fara yfir 1 tonn eða 10.000 seiði.

Stöðin er á landbúnaðarsvæði á leigulóð í landi Þrándarstaða í Brynjudal og í sátt við aðalskipulag sveitarfélagsins. Frárennsli stöðvarinnar fer í vatnshlotið Brynjudalsá nr. 104-180-R.

Eftirlitið hófst á fundi. Mættir voru Óðinn Elísson, Sigurður Guðmundsson og Björn Theódórsson fyrir hönd rekstraraðila og Gottskálk Friðgeirsson og Auður Eyberg Helgadóttir frá Umhverfisstofnun.

Boðuð dagskrá var eftirfarandi:

- Rekstraraðili fer yfir stöðu rekstursins og hreinsikerfa fiskeldisins.
- Farið yfir kröfur sem gerðar eru til starfseminnar – sjá starfsleyfi frá 8. desember 2022
- Tíðni eftirlits og kerfisbundið mat á áhættu - áhættumat 2024
- Önnur mál, atvik, breytingar, óhöpp og kvartanir
- Skoðun

1. Rekstur stöðvarinnar hefur gengið vel og eru nú um 300 kg (tveir árgangar) í stöðinni. Frárennsli stöðvarinnar liggur í læk/settjörn með hægu streymi og setjast þar til einhver næringarefni frá eldinu en vel er fylgst með settjörminni. Ekki er merkjanleg uppsöfnun næringarefna / ofauðgun í Brynjudalsá.

Litið er notað af efnavöru / hættulegum efnum í eldinu. Formalín er notað í litlum skömmtum í klakinu og er 20 lítra plastbrúsi á staðnum. Lekavörn var ekki til staðar en tengiliður rekstraraðila hefur nú sent myndir og upplýsingar um að komið hefur verið fyrir lekavörn um formalínbrúsann.

2. Engar mælingar sem krafist er í starfsleyfi hafa borist til Umhverfisstofnunar. Þetta er frávik frá kröfum í starfsleyfi. Ekki var skilað inn gögnum vegna árána 2022 og 2023. Mæla skal svifefni og lífræn efni (COD) ásamt fosfór og köfnunarefni, í eldisvatni (inntak vatns í stöðina) og í frárennslisvatni neðan settjarnar, tvisvar á ári. Sýnataka skal fara fram annars vegar við hámarksfóðrun og hins vegar þegar fóðrun er í lágmarki. Niðurstöður mælinga eiga að skila sér með ársyfirliti fyrir 1. maí ár hvert, fyrir undangengið ár.

Neyðaráætlun sem kröfur eru um í starfsleyfi (sjá grein 1.5) hefur enn ekki borist til stofnunarinnar og telst það frávik frá kröfum starfsleyfis.

Ársyfirlit fyrir árin 2022 og 2023 hafa ekki borist og telst það frávik frá kröfum starfsleyfis.

Rekstraraðili sendir uppfærðar áætlanir sem krafist er til stofnunarinnar á næstu dögum.

Bent er á að senda stofnuninni upplýsingar um þjálfun starfsmanna. Sjá grein 2.3 í starfsleyfi.

3. Reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit nr. 550/2018 kveður á um að Umhverfisstofnun skuli gera áhættumat á fyrirtækjum sem farið er í eftirlit til, og nota áhættumatið til þess að ákveða tíðni eftirlita. Farið var yfir áhættumat stöðvarinnar með fulltrúum rekstraraðila. Niðurstöður matsins munu ekki liggja fyrir fyrr en öllum eftirlitum í sambærilegum fiskeldum er lokið og þá mun verða gefið út skipulag eftirlits stofnunarinnar hjá fiskeldisfyrirtækjum á næsta ári (2024).

4. Engar breytingar eru fyrirhugaðar á stöðinni í bráð. Engar kvartanir vegna stöðvarinnar hafa borist og engin óhöpp orðið í meðferð efnavöru.

5. Gengið var með frárennsli stöðvarinnar, meðfram hreinsivirki (settjörn) niður að Brynjudalsá (viðtaka). Engar athugasemdir eru gerðar við frárennismál stöðvarinnar, en bent var á að ef niðurstöður mælinga í frárennsli fara yfir losunarmörk fyrir köfnunarefni og fosfór þá þarf að bæta hreinsivirki stöðvarinnar mögulega með því að dýpka settjörmina.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
ákvæðum í grein 4.3 í starfsleyfi	Rekstraraðili hefur ekki framkvæmt mælingar í frárennsli fyrir árin 2022 og 2023 eins og kröfur eru um í starfsleyfi.
ákvæðum í grein 1.5 í starfsleyfi	Neyðaráætlun lá ekki fyrir hjá rekstraraðila. Útbúa skal og vinna eftir neyðaráætlun sem skal vera tiltæk í eldisstöðinni ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri eldisstöðvarinnar.
ákvæðum í grein 4.4 í starfsleyfi.	Ársyfirlit vegna stöðvarinnar hefur ekki verið skila til Umhverfisstofnunar. Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár.

ÁBENDINGAR

Tvær ábendingar voru gerðar og snúa þær að því að skila inn þjálfunarskýrslu starfsmann og að meta þörf á að dýpka settjörn ef losun næringarefna er yfir starfsleyfimörkum.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 11.06.2024



Gottskálk Friðgeirsson